

## 27. Frumvarp

til laga um kirkjur.

(Lagt fyrir Alþingi 1931).

### I. Almenn ákvæði.

#### 1. gr.

Kirkjur og grafreitir eru friðhelgir staðir og má ekkert þar fram fara, er raski friðhelgi þeirra.

#### 2. gr.

1. Skytt er að hafa kirkjur svo stórar, að þær rúmi í sætum a. m. k.  $\frac{1}{3}$  sóknarmanna, þar sem 1 prestur þjónar sófnuði en  $\frac{1}{6}$  þar sem messa er sungin tvisvar hvern helgidag.
2. Þegar ný kirkja er reist skal miða stærð hennar við væntanlega fólksfjölgun innan sóknar.

#### 3. gr.

1. Prófasti ber að hafa gætur á, að kirkjur og grafreitir séu jafnan í því standi, bæði að smekkvísi, viðhaldi og umgengni, að samboðið sé helgi staðarins og þeirri lotningu, er hann á að vekja í hugum manna.
2. Prófastur úrskurðar, hvenær endurbygging kirkju er nauðsynleg. Skjóta má úrskurði prófasts til biskups.
3. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið felur húsameistara ríkisins eða öðrum hæfum manni að láta í té allar nauðsynlegar upplýsingar og leiðbeiningar, er hér að lúta, m. a. upprætti að nýjum kirkjubyggingum og endurbót kirkna.

#### 4. gr.

Skytt er jafnan að hlita fyrirmælum biskups og prófasts um alla hirðingu kirkna og grafreita, umgengni, endurbyggingu og viðhald.

#### 5. gr.

Skylt er að setja hæfilega stóran ofn, eða önnur jafngóð hitunartæki, að dómi biskups, í hverja kirkju. Skal reykhálf og hitunartækjum svo fyrir komið, að eigi sé óprýði að.

Skylt er að vátryggja kirkjur gegn eldsvoða í einhverju því brunabótafélagi, er kirkjustjórnin tekur gilt.

#### 6. gr.

Nú er í ráði ný kirkjubygging eða gagnger endurbót kirkju, skal þá bera málið undir prófast. Leitar hann þá leiðbeiningar húsameistara eða annars byggingarfróðs manns, er kirkjustjórnin telur þar til hæfan, um verkið, og skal hlita leiðbeiningum hans um framkvæmd verksins.

#### 7. gr.

Rétt er sóknarpresti að banna hverja þá notkun kirkju, sem ekki er samboðin helgi hennar sem guðspjónustuhúss kristins safnaðar. Skal því jafnan leita leyfis sóknarprests til annarlegrar notkunar kirkjunnar, enda ber hann ábyrgð á, að ekki sé gagnstætt fyrirmælum æðri stjórnarvalda, almennu velsæmi og allsherjarreglu.

#### 8. gr.

Bannað er að halda fundi um almenn ágreiningsmál í kirkju.

#### 9. gr.

Bannað er að geyma í kirkju annað en gripi hennar og áhöld.

### II. Safnaðarkirkjur.

#### 10. gr.

Safnaðarkirkja er sjálfseignarstofnun í umsjón og ábyrgð safnaðar, undir yfirstjórn biskups og kirkjustjórnar.

#### 11. gr.

Sóknarnefnd hefir á hendi umsjón og fjárhald safnaðarkirkju. Skal hún fyrir hönd safnaðar rækja allar þær skyldur, er hvílt hafa á eigendum og forráðamönnum kirkna, að því er tekur til viðhalds og hirðingar. Ber hún f. h. safnaðar ábyrgð á, að gætt sé tilhlýðilegrar smekkvísi og umönnunar um allt, er kirkju og grafreit varðar. Og ber henni að hlita úrskurðum biskups og prófests í því efni, skv. almennum ákvæðum 1.—9. greinar.

#### 12. gr.

1. Sóknarnefnd annast innheimtu á tekjum kirkjunnar og kemur sjóðeign hennar á vöxtu í Hinum almenna kirkjusjóði. Annast hún reiknings-

hald og fjárreiður kirkjunnar, og skal jafnan senda prófasti reikning yfir tekjur og gjöld hennar á liðnu ári, eigi síðar en í aprilmánuði ár hvert. Sóknarnefndarmenn rita allir nafn sitt á reikninginn, enda bera þeir, einn fyrir alla og allir fyrir einn, ábyrgð kirkjufjónna.

2. Fyrir ómak sitt fær sóknarnefnd 6% í innheimtulaun af lögboðnum árstekjum kirkjunnar.
3. Þar sem lögreglustjóri situr í sókninni, er honum skylt að taka að sér innheimtuna, gegn 6% innheimtulaunum, ef sóknarnefnd óskar og kirkjustjórn samþykkir. Þar sem skipaður er sérstakur tollstjóri tekur skylda þessi til hans.

### 13. gr.

Nú telur prófastur fyrirsjáanlegt, að endurreisa þurfi safnaðarkirkju, eða gera gagngera endurbót á henni innan 10 ára, en þykir sýnilegt, að sjóður kirkjunnar verði eigi orðinn svo mikill, að nemi hálfum kostnaði, getur hann þá, með samþykki biskups, úrskurðað hækkun kirkjugjalda um allt að 100%, og skal sá tekjuauki jafnan lagður á vöxtu í Hinum almenna kirkjusjóði.

### 14. gr.

Skylt er söfnuði að taka að sér til umsjónar og fjárhalds hverja þá léns- eða bændakirkju, er eigandi eða lénsdrottinn óskar, með þeim skilmálum, er segir í 15. gr., ef biskup samþykkir.

### 15. gr.

1. Þegar kirkja er afhent söfnuði, skal prófastur með 2 óvilhöllum, byggingafróðum mönnum gera nákvæma úttekt á kirkjunni, eigum hennar, áhöldum og gripum. Skulu úttektarmenn meta sanngjarnt álag á kirkjuna og gripi hennar og áhöld.
2. Álag skal miða bæði við fyrningu hússins og byggingarkostnað á hverjum tíma, þar sem kirkja er eigi að stærð við hæfi sóknarinnar.
3. Eigandi eða lénsdrottinn greiðir álagið í hendur sóknarnefndar, er tekur við kirkjunni og fé hennar fyrir hönd safnaðarins.
4. Skjóta má úttekt kirkju til yfirúttektar, og skal þá að minnsta kosti helmingur yfirúttektarmanna skipaður byggingafróðum mönnum.
5. Heimilt er sóknarnefnd að taka við kirkju án þess að regluleg úttekt fari fram, ef samþykki biskups kemur til og héraðsprófastur stjórnar afhendingu kirkjunnar.

### 16. gr.

Nú er kirkja reist á þeim stað, er kirkja hefir eigi verið á áður, og skal þá sveitar- eða bæjarfélag það, er í hlut á, leggja til ókeypis hentuga lóð undir kirkjuna, ásamt hæfilegu svæði umhverfis, ef þess er krafizt. Þar, sem skipulagsnefnd hefir eigi ákveðið kirkjustæði, skal kirkja sett þar, sem prófastur ákveður, í samráði við sóknarnefnd og húsameistara ríkis-

ins, eða annan byggingafróðan mann, er kirkjustjórnin kveður til. Skjóta má úrskurði prófasts til biskups.

### III. Bændakirkjur og lénskirkjur.

#### 17. gr.

Skylt er ábúanda lénskirkjujarðar að hafa umsjón lénskirkju og fjárhald, nema prófastur feli öðrum.

Skylt er sóknarnefnd að annast innheimtu á tekjum lénskirkju gegn 6% innheimtulaunum, ef þess er krafizt.

#### 18. gr.

Eigendum bændakirkna og lénsdrottnum lénskirkna er skylt að hlíta almennum ákvæðum um endurbyggingu kirkna, hirðingu, hitun og viðhald.

#### 19. gr.

1. Nú setur kirkjueigandi eða lénsdrottinn ofn eða önnur jafngóð hitunartæki i kirkju sína, er honum þá heimilt að jafna hálfum stofnkostnaðinum á sóknarmenn, sem hundraðsgjaldi af útsvörum þeirra, enda hafi kostnaðarreikningur verið endurskoðaður af sóknarnefnd og úrskurðaður af prófasti.
2. Nú er í sókn meira en eitt sveitar- eða bæjarfélag, skal þá fyrst skipta gjaldinu niður á þau, eftir tölu safnaðarmanna, innan hvers þeirra. Eigandi eða forráðamaður annast innheimtu gjaldsins.
3. Heimilt er kirkjueiganda eða forráðamanni að jafna niður árlegum eldsneytiskostnaði og brunabótaíðgjaldi á sama hátt.

Eindagi á gjöldum þessum er 5 vikum eftir að þau eru auglýst.

#### 20. gr.

Nú hefir eigandi bændakirkju vanrækt hirðingu, viðhald eða endurbyggingu kirkju sinnar, þrátt fyrir ítrekaðar áminningar prófasts, eða eigi hlýtt almennum ákvæðum laga þessara, 1.—9. gr., að því er eigi tekur til safnaðarkirkna sérstaklega, og er þá kirkjustjórninni skylt að höfða þegar í stað mál á hendur kirkjueiganda til þess að fá hann dæmdan til þess, að viðlögðum dagsektum, að bæta úr göllunum, eða endurbyggja kirkjuna.

### IV. Kirkjunefndir o. fl.

#### 21. gr.

Í hverri sókn skal kjósa kirkjunefnd.

22. gr.

Kirkjunefnd skipa 5—7 menn, eftir mannfjölda sóknarinnar.

23. gr.

Kirkjunefnd skal kjósa á safnaðarfundum, þegar kosning sóknarnefndarmanna á fram að fara.

Um kosningu í kirkjunefnd, kjörtímabil, kosningarrétt og kjör-gengi fer sem til sóknarnefnda.

24. gr.

Verksvið kirkjunefndar er að vinna að því, ásamt sóknarnefndinni, að glæða hlýjan hug manna til kirkju sinnar og gangast fyrir frjálsum samtökum um að auka fegurð hennar og prýði með góðum gripum og á hvern þann veg, er bezt þykir við eiga.

Sérstaklega skal kirkjunefnd gangast fyrir að útvega kirkju sinni fagra altaristöflu og gott hljóðfæri og altarishúnað, þar sem einhverju þessu er áfátt.

25. gr.

Menningarsjóður skal eigi sjaldnar en 3. hvert ár veita 1800 kr. til 1—3 verðlauna fyrir fegurstu altaristöflur eftir íslenska listamenn. Skal dómnefnd skipuð biskupi, eða manni, er hann nefnir til og 2 mönnum, er menntamálaráðið skipar. Menntamálaráðið styrkir síðan kirkjunefndir til kaupa á altaristöflum þeim, er verðlaun hafa hlotið, með tillagi úr Menningarsjóði, er nemi allt að helmingi verðs.

26. gr.

Kirkjustjórnin annast um að gerðir verði, svo oft sem þurfa þykir, fyrirmyndar uppdrættir að kirkjum og kirkjugörðum, er bezt þykja eiga við íslenska staðhætti og útbýtur þeim meðal sóknar- og kirkjunefnda landsins. Skulu fylgja þeim stuttar skýringar og kostnaðaráætlun.

Útgáfu uppdráttu þessara kostar Menningarsjóður.

27. gr.

Rétt er að geyma hverskonar kirkjuforngripi í kirkjum þeim, er þá hafa átt, ef þær eru svo vandaðar, að dómi biskups og fornmenjavarðar, að tryggt megi teljast.

28. gr.

Nánari ákvæði um viðhald kirkna, kirkjuskoðun og eftirlit, svo og húnað þeirra og prýði, setur biskup í reglugerð, er ráðherra staðfestir.

29. gr.

Lögtaksréttur fylgir öllum þeim gjöldum, sem mælt er fyrir um í lögum þessum.

### 30. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum 10—500 krónum, enda liggi eigi þyngri refsing við samkvæmt öðrum lögum.

Mál, sem rísa út af lögum þessum, skal fara með sem almenn lög-reglumál.

### 31. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 22, 16. nóv. 1907 um um-sjón og fjárhald kirkna. Ennfremur eru afnumin öll ákvæði eldri laga, er koma í bága við lög þessi.

## Greinargerð.

Kirkjumálanefndin hefir samið frumvarp þetta samkvæmt áskorun síðustu prestastefnu og ýmsra héraðsfunda. — Frumvörp um ýms þau atriði, sem hér eru upp tekin, hafa verið lögð fyrir Alþingi, svo sem t. d. frv. um hitun kirkna. Og þar sem ennfremur hefir þótt nauðsynlegt, að fá ýmsar breytingar og viðauka við lög nr. 22, 16. nóv. 1907, um um-sjón og fjárhald kirkna, þykir rétt að sett séu heildarlög bæði um umsjón, fjárhald, hitun, notkun og önnur þau nauðsynlegustu atriði, sem þótt hefir vanta í löggjöfina um hirðingu og viðhald kirknanna.

Þótt ýmsir söfnuðir landsins hafi á síðari árum sýnt lofsverðan áhuga á að koma upp myndarlegum kirkjum og prýða þær og fegra á ýmsan hátt, hefir sú viðleitni sumstaðar eigi borið tilætlaðan árangur, m. a. vegna þess, að söfnuðir hafa eigi notið svo fullkominna leiðbeininga, sem æskilegt hefði verið. Þykir því nauðsynlegt að setja um það nánari ákvæði. Að því lúta ýms atriði í frumvarpi þessu, svo sem í 6. og 26. gr. og víðar. Að öðru leyti skal vísað til athugasemda við einstaka kafla og greinar frumvarpsins.

### *Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

#### Um 1. gr.

Þykir ekki þurfa skýringa.

#### Um 2. gr.

Löghelgar venju þá, er hingað til hefir verið fylgt, er kirkjur hafa verið reistar af nýju.

#### Um 3. gr.

1. Hér er hert á eftirlitsskyldu prófasta.
2. Löghelguð gömul venja.
3. Ákvæði þetta á að veita meiri tryggingu fyrir því, að vandað sé til kirkjubygginga, og endurbætur á þeim komi að notum.

Um 4. gr.

Þykir ekki þurfa skýringa.

Um 5. gr.

Ákvæði 1. málsgreinar talin sjálfsgöð heilbrigðisráðstöfun. „Ofnlaus kirkja eigi messufær á vetrardag“, að dómi landlæknis. Vátrygging timburkirkna sjálfsgöð, er eldfæri eru komin. Iðgjald af steinkirkju svo lágt, að eigi þarf að fráfælast. — Um hitun bændakirkna og lénskirkna vísast til athugasemda við 19. gr.

Um 6. gr.

Ákvæði þessi þykja nauðsynleg því til tryggingar, að verkið sé vandað.

Um 7. gr.

Það þykir nauðsynlegt, að einhver *einn* maður beri ábyrgð á því, að kirkja sé eigi notuð til annars en þess, sem samboðið er helgi hennar. Og á kirkjustjórnin hægra með að koma þeirri ábyrgð fram á hendur sóknarprestinum en öðrum.

Um 8.—9. gr.

Þykja eigi þurfa skýringa.

## II. Kafli.

Safnaðarkirkjur eru nú 207 á landinu. Þótt hirðingu þeirra og umgengni sé víða áfátt, telur biskup þó, að yfirleitt sé safnaðarkirkjum sýnd meiri ræktarsemi og þeim betur viðhaldið en léns- og bændakirkjum. Er hér því reynt, að gera söfnuðum auðveldara, að taka að sér kirkju sína til umsjónar og fjárhalds, en jafnframt er söfnuðum og lögð sú skylda á herðar, að taka í umsjón sína hverja þá kirkju, er eigandi óskar, með þeim skilyrðum, er segir í 15. gr.

Um 10. gr.

Nafnið „safnaðarkirkja“ merkir eigi það, að söfnuðurinn hafi óbundinn eignarrétt á kirkjunni og megi t. d. skipta sjóði kennar og andvirði upp meðal safnaðarmanna, ef hún væri lögð niður. Safnaðarkirkja verður því að teljast sérstök sjálfseignarstofnun, er söfnuðurinn hefir umsjón með og ber ábyrgð á. Er það í samræmi við kirkjulöggjöf annara Norðurlandabjóða, þar sem safnaðarkirkjur eru nefndar „sjálfseignarkirkjur“. Að öðru leyti þarf greinin eigi skýringar.

Um 11. gr.

Hér er kveðið fastar á um skyldur sóknarnefnda, en í núgildandi lögum.

Um 12. gr.

Nauðsynlegt þykir að kirkjureikningar séu sendir prófasti fyrir apríllok, svo að hann hafi nægan tíma til að kalla eftir þeim, ef dráttur verður, og endurskoðun þeirra geti farið fram fyrir héraðsfund.

Venjulega hefir formaður sóknarnefndar innheimtuna á hendi og allar fjárreiður kirkjunnar, en nauðsynlegt er að sóknarnefndin öll beri ábyrgð kirkjufjónna.

Í sumum kaupstöðum hefir það orðið að samkomulagi með lögreglustjóra (tollstjóra í Reykjavík) og sóknarnefnd, að hann annist innheimtu kirkjugjaldanna, gegn 6% innheimtulaunum. Og þar sem sóknarnefndir verða þar, hvort sem er, að fela sérstökum manni innheimtuna fyrir sína hönd, þykir rétt að lögfesta þetta fyrirkomulag, þar sem sóknarnefnd óskar.

#### Um 13. gr.

Kirkjur þær, sem reistar eru að mestu fyrir lánsfé, verða að jafnaði að tvíborga byggingarkostnaðinn, vegna vaxtagreiðslunnar. Þykir því varhuga-vert, að ráðist sé í kirkjubyggingu, ef taka þarf til láns meira en helming kostnaðar. Og því fremur sem Almenni kirkjusjóðurinn mun vart geta lánað meira en þriðjung kostnaðarverðs, svo að hlíta verður almennum vaxtakjörum banka eða sparisjóða um það, er á vantar. Þykir því nauðsyn til bera, að kirkjur eigi nokkra upphæð í sjóði, þegar að því kemur, að endurbygging eða gagnger endurbót er nauðsynleg.

#### Um 14.—15. gr.

Þar sem eigandi bændakirkju býr stundum sjálfur í allt öðru héraði, og á jafnvel eigi heimilisfang hér á landi, eða margir menn eiga kirkju í félagi, er augljóst, að oft verður eigi bót á ráðin um hirðingu hennar og viðhald, nema söfnuður taki sjálfur að sér kirkjuna til umsjónar og fjárhalds. Verður því vart hjá því komizt, að leggja söfnuðinum þessa skyldu á herðar, þar sem svo stendur á.

En þar, sem nauðsynlegt þykir, að gera söfnuðinum að skyldu, að taka að sér þær kirkjur, er lakast hefir verið við haldið, virðist rétt að söfnuðinum sé almennt lögð þessi skylda á herðar, þegar eigandi eða lénsdrottinn óskar. Ríkissjóður getur verið bæði eigandi og lénsdrottinn kirkna. Hann er eigandi nokkurra bændakirkna, á þeim þjóðjörðum, sem kirkja er á. Og þar sem sóknarprestur er kominn undir bin nýju launakjör, hefir afhent kirkjujarðir til hreppstjóra og hefir prestsetrið á leigu samkvæmt mati, þá er ríkissjóður sá eiginlegi lénsdrottinn. Hann hefir tekið undir sig jarðeignina — lén-ið — og verður því að bera ábyrgð á kirkjunni, með því að öðrum er ekki til að dreifa. Flestar hinar svo nefndu lénskirkjur eru nú komnar í hendur safnaðanna, en telja verður æskilegt, einnig frá sjónarmiði löggjafarvaldsins, fyrir hönd ríkissjóðs, að söfnuðirnir taki einnig að sér til umsjónar og fjárhalds, þær lénskirkjur, sem eftir eru.

En ef söfnuðir eiga eigi frjálst val um það, hvort þeir taki við kirkju eða ekki, þá verða þeir hinsvegar að njóta aðstoðar og verndar löggjafarinnar, svo að réttur þeirra verði ekki algerlega fyrir borð borinn. Að því lúta ákvæði 15. greinar. Þar sem prófastur hefir í höndum allar skoðunargerðir á kirkjunni og skrá yfir gripi hennar og áhöld, og með því að hann verður að skrásetja þegar allt það, er sóknarnefnd tekur við, þykir nauðsynlegt, að hann sé odd-

viti úttektar og stjórn henni. Þá þykir sjálfsagt, að úttektarmenn séu byggingarfróðir menn, eða a. m. k. 2 þeirra, ef um yfirúttekt er að ræða. Og enn liggur það í hlútarins eðli, að taka verður tillit til þess, ef kirkjan hefir aldrei verið fullgerð, eða er eigi nægilega stór fyrir söfnuðinn.

Hinsvegar er þess vænt, að venjulega verði kirkja afhent söfnuði eftir samningi milli eiganda eða lénsdrottins og sóknarnefndar. Verður því síðasta málsgrein 15. gr. mest notuð í framkvæmdinni. Af þeim ástæðum sem þegar eru fram teknar, þykir nauðsynlegt, að prófastur stjórn, eigi að síður, afhendingu kirkjunnar, þó að regluleg úttekt fari eigi fram.

#### Um 16. gr.

Fyrsta málsgrein þessarar greinar skiptir aðallega máli þar, sem verzlunarstaður hefir risið upp í sókninni, og hentara þykir að flytja kirkjuna þangað. Þykir þá sanngjarnt, að verzlunarstaðurinn, ef hann er svo stór, að hann sé orðinn sérstakt sveitarfélag, leggi til lóð undir nýju kirkjuna, svo að sveitin, sem oftast hefir óþægindi af kirkjufærslunni, þurfi ekki þar að auki að taka á sig, að sinum hluta, gjöld vegna lóðarkaupar.

Ef ágreiningur verður um, hvað sé hæfilegt svæði umhverfis kirkju, sætir það mál vitanlega úrskurði ráðuneytisins.

Í kaupstöðum og kauptúnum ákveður skipulagsnefnd kirkjustæði samkvæmt lögum, og leitar þá væntanlega álits menntamálaráðs. En í sveitum virðist rétt, að prófastur sé oddamaður, ef sóknarnefnd og húsameistari kynni að greina á.

#### *Bændakirkjur og lénskirkjur.*

Bændakirkjur eru nú 59 á landinu og á ríkissjóður 7 þeirra, að meðtaldri Dómkirkju landsins. Lénskirkjur eru sjö að tölu á landinu. Auk þess er ein kirkja „kaupstaðarkirkja“, er verður að teljast undir þenna flokk.

Þótt sumum bændakirkjum sé prýðilega viðhaldið og eigendunum til mikils sóma, þá er viðhald þeirra *yfirleitt* mikið lakara en safnaðarkirkna, samkvæmt skýrslu biskups. Hefir því þótt nauðsyn til bera, að setja strangari ákvæði gagnvart þeim bændakirkjueigendum, er vanrækja skyldur sínar.

#### Um 17. gr.

„Ábúandi lénskirkjujarðar“, er hver sá sóknarprestur, er situr á því prestsetri. þar sem enn er lénskirkja. Ennfremur ábúandi hveirrar þeirrar jarðar, er lénskirkja er á, svo sem á gömlum prestssetursjörðum, sem nú eru í bændaaábúð.

Þar sem prestur og ábúandi er hægara en öðrum að hafa umsjón kirkju sem er á heimilinu, virðist rétt að gera þeim að skyldu að taka að sér starf þetta fremur öðrum.

#### Um 18. gr.

Þykir eigi þurfa skýringa.

#### Um 19. gr.

Þótt svo verði að líta á, að kirkja sé eigi messufær án upphitunartækja á vetrardag, þá þykir sanngjarnt, að söfnuður taki að hálfu leyti þátt í stofn-  
kostnaði ofna eða annara jafngóðra hitunartækja — að dómi biskups — í  
bændakirkjum og lénskirjum. Ennfremur þykir sanngjarnt, að söfnuður  
greiði eldneytiskostnað og brunabótargjald.

Niðurlögnun gjalda þessara þykir rétt, að fari eftir eignum og ástæðum  
og er þá einfaldast að leggja þau á sem hundraðsgjald af útsvörum.

#### Um 20. gr.

Þess mun dæmi að kirkjueigandi hefir árum saman vanrækt að gera  
hinar bráðnauðsynlegustu endurbætur á kirkju sinni, þrátt fyrir áskoranir  
sóknarnefndar og safnaðar og margitrekaðar áminningar prófasts. Þykir því  
nauðsyn til bera, að setja hér enn skýrari ákvæði, en nú eru í lögum.

#### Um 21.—24. gr.

Hin síðari ár hefir víða vaknað áhugi á því, að prýða kirkjurnar og gera  
þær vistlegar. Hafa því í allmörgum söfnuðum myndast frjáls samtök um  
samvinnu í þá átt, og hefir það borið góðan árangur. Hefir þá þótt vel gefast  
að hafa sérstaka nefnd sóknarnefndinni til aðstoðar um forgöngu og fram-  
kvæmd. Þannig hafa fastar kirkjunefndir komið á í nokkrum prestaköllum,  
og hafa þær þegar unnið sýnilegt gagn.

Þar sem slíkur áhugi er vaknaður, er löggjafar að visu ekki þörf á því  
sviði. En hinsvegar getur kirkjulöggjöfin vart látið það með öllu afskiptalaust,  
hversu umgengni og prýði kirknanna er háttað og beðið þess, að áhuginn komi  
af sjálfu sér. Það þykir því rétt að styðja að því, að slíki starfsemi, sem hér  
um ræðir, geti komið á í hverjum söfnuði landsins.

Þar sem hér er eingöngu um það að ræða, að kjósa menn til að hafa  
forgöngu að frjálsu starfi og samtökum, þykir ekki rétt að tiltaka verksvið  
kirkjunefnda nánar, en gert er í 24. gr.

Samkvæmt fenginni reynslu þykir rétt að kirkjunefndirnar séu skipað-  
ar konum og leiti þær samvinnu við kvenfélög eða ungmennafélög, ef til eru  
í sveitinni, en eigi þykir ástæða til að taka það fram í lögnum.

Þetta er mál, sem teljast verður tímabært, og krefst lausnar. Eftir því,  
sem húsakostur þjóðarinnar hatnar og kröfurnar aukast á því sviði með ári  
hverju, verður hirðuleysi um guðshúsin og ræktarleysi gagnvart þeim tilfinn-  
anlegra, og lýsir í raun og veru vöntun menningar og fegurðartilfinningar í  
kirkjuhaldi þjóðarinnar.

#### Um 25. gr.

Það er menningarmál, að fá innlend listaverk í kirkjurnar, þar á meðal  
altaristöflur. Þykir því ástæða til, að hvetja og styðja listamenn vora til að  
stunda þessa grein málaralistar, svo að vér þurfum þar síður hjá erlendum  
þjóðum lán að taka. Þar sem menntamálaráðið hefir, lögum samkvæmt, í-  
hlutunarrétt um kaup á altariistöflum, þykir við eiga, að einmitt Menningar-

sjóðurinn styðji þessa viðleitni, og verðlaun og styrkur til kaupa á altaristöflum þeim, er verðlaun hljóta, veitist úr þeim sjóði.

Um 26. gr.

Þar sem svo mjög er áfátt um byggingarstil kirkna í landinu og smekkur manna í því efni, að vonum, enn lítt þroskaður, þykir rétt að þeir aðilar, er hafa á hendi forgöngu og framkvæmd þessara mála í sveit sinni, eigi þess kost, að sjá úrvalsupprætti, er geti verið þeim til leiðbeiningar og fyrirmyndar. Má þess vænta, að það glæði áhuga safnaðanna á að eignast fögur kirkjuhús.

Um 27. gr.

Vel vandaðar steinkirkjur virðast engu síður kjörinn staður til varðveislu kirkjuforngripa, en sá húsakostur, sem nú er veittur fornmenjasafninu.

Um 28.—30. gr.

Virðast ekki þurfa skýringa.

Um 31. gr.

Auk laga nr. 22, 16. nóv. 1907, eru nokkur ákvæði í lögum nr. 20, 1890 um innheimtu og meðferð á kirkjufé, og í lögum nr. 40, 1909 um sóknargjöld, sem snerta fjárhald kirkna og viðhald þeirra, en eigi þykir ástæða til, að tína þessi ákvæði úr og afnema þau sérstaklega, þar sem þetta getur ekki valdið neinum ágreiningi.